

Föstudaginn 8. desember 1944.

Nr. 75/1944. **Stefán Jónsson** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps**

**f. h. hreppsins** (Einar B. Guðmundsson).

Um viðurkenningu eignarréttar að landi. Ómerking og heimvísun.

### **Dómur hæstaréttar.**

Sigurður Eggerz, sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áður mál þetta væri dæmt í héraði, virðist nauðsyn hafa verið að skoða þrætustaðinn. Bar héraðsdómara því samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919 að nefna samdómendur og fara með málið svo sem þar greinir. Þá er og rétt að gera nákvæmari uppdrátt en gert hefur verið, þar sem sýnd séu takmörk þrætusvæðisins og, ef unnt er, svæðið milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls eins og það var, áður en hafizt var handa um gerð hafnarmannvirkja. Markmið stefnanda í máli þessu virðist vera að fá dóm um eignarrétt sinn að fjöru þeirri, sem var á þrætusvæðinu, er hryjað var að gera hafnarmannvirki, svo og að landauka í fjöru þessari og að landauka og fjöru þeirri, sem myndast hefur síðan þar fram af vegna uppburðar sjávar. Hefur dómari látið undir höfuð leggjast að dæma þessi efni. Með vísun til þeirra atriða, sem nú voru greind, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

### **Því dæmist rétt vera:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

### Dómur bæjarþings Akureyrar 7. marz 1944.

Mál þetta hefur höfðað Stefán Jónsson, Brimnesi í Svarfaðardalshreppi, með stefnu dags. 15. nóvember 1943 gegn hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, Tryggva Jónssyni oddvita, Jóhanni Jónssyni, Kristni Jónssyni, Stefáni Guðnasyni, öllum til heimilis í Dalvík, Páli Friðfinnssyni, Hrappstöðum, Stefáni Björnssyni, Grund, og Jóni Gíslasyni, Hofi, f. h. hreppsins fyrir bæjarþingi Akureyrar samkvæmt samkomulagi aðilja, réttarskjal 2.

Gerir stefnandinn þær kröfur fyrir réttinum, að viðurkennt verði með dómi, að landauki sá — malar- og sanduppfylling —, sem á síðustu árum hefur myndast í fjörumálinu á eignarjörð hans Brimnesi vegna uppburðar sjávar norðan landgöngugarðsins við hafnarbyggjuna á Dalvík, sé óskoruð eign stefnanda og nánar tiltekið allt það af landauka þessum, sem er ofansjávar við venjulega stórstraumsfjöru. En stefnandinn segir, að þenna landauka telji hin stefnda hreppsnefnd hins vegar eign hreppsins samkvæmt hafnarlögum, og hefur leigt hana öðrum til afnota fyrir sérstakt eftirgjald, en bannað stefnda afnot og allan ráðstöfunarrétt yfir honum. Stefnandinn krefst og málskostnaðar, og samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 1843.60.

Hin stefnda hreppsnefnd mótmælir algerlega kröfum stefnanda um viðurkenningu á eignarrétti honum til handa á landspildu þeirri, sem myndast hefur fyrir malar og sandburð norðan hafnargarðsins í Dalvík, og krefst fullrar sýknu umbjóðanda sínum til handa. Enn fremur krefst hún málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 2089.80.

Stefndi heldur því fram, að umrædd landspilda sé öll mynduð síðan bygging hafnargarðsins í Dalvík var hafin, en það var árið 1939. Landspildan, segir stefndi, að sé öll áföst við land hafnarinnar, hafnargarðinn að sunnanverðu og strandlengjuna norðan við hann, eins og hún var, áður en byrjað var að gera höfnina. Heldur stefnda hreppsnefnd því fram, að Dalvíkurhöfn sé eigandi hvorstveggja, hafnargarðsins og strandlengjunnar, svo og sjávarbotnsins, er landið er myndað á. Samkvæmt lögum um hafnargerð á Dalvík, nr. 66 frá 1931, 10. gr., er Dalvíkurhöfn eigandi alls þessa lands innan hafnarmerkja, er sjór fellur yfir um stórstraumsflóð. Með eignarnámssgerð dags. 14. desember 1942 hefur Dalvíkurhöfn eignast land það, sem liggur fyrir ofan stórstraumsflóðlínu, eins og hún var 1939, er mannvirkjagerðin var hafin og áður en landið tók að myndast þarna vegna uppburðar og sjávangangs. Segir stefnda, að hið nýmyndaða land hafi orðið til vegna þess, að hafnargarðurinn stöðvaði uppburðinn og liggur á 2 vegu að hafnarmannvirkjunum og landi hafnarinnar í sjálfri höfninni.

Stefndi mótmælir því, að 10. gr. hafnarlaganna brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Til vara krefst stefnda hreppsnefnd sýknu á þeim grundvelli, að landaukinn sé að öllu leyti myndaður og til orðinn vegna hafnargerðarinnar í Dalvík. Áður en mannvirkjagerðin hófst, segir stefnda, að sjórinn hafi gengið upp að svonefndum Brimnesbökkum norðan „Lágarinnar“, sem garðurinn er byggður fram úr. Braut sjórinn stöðugt bakkana niður, þar til hafnargerðin kom. Landið er þannig orðið til fyrir aðgerðir hafnarsjóðs og myndað í sjálfri höfninni og hlýtur því að vera hennar eign, en ekki landeiganda, sem einskis landauka gat væntzt fyrir sig og engu hefur kostað til þeirra mannvirkja, sem landaukann hafa skapað.

Til þrautavara krefst stefndur, að eignarréttur stefnanda verði aðeins viðurkenndur til þess landsvæðis, er að stærð samsvarar því landi, er lá þurrt um stórstraumsfjöru milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls árið 1939, áður en mannvirkjagerðin hófst. Fjöruland þetta, telur stefnda, að hafi verið nálega 1300 fermetra að stærð, og þó sennilega nokkuð minna, þar eð mæling matsmanna, 4 metrar frá bakka í flóðmál, er varla nákvæm. Telur stefndi, að fjarlægðin muni hafa verið 5½ metri og virðist líta svo á þrátt fyrir það, að matsmennirnir, sem mátu land það, er stefndi fékk eignarrétt á, muni hafa tekið landið til virðingar niður að flóðlinunni 1939, sem teiknuð er á kortið. Stefnandinu segir aftur, að þetta sýni, að 1½ meters landflæmi liggi milli landaukans og lands þess, er hreppsnefndin eignaðist við matið. Stefndi segir, að eignarréttur Dalvíkurhafnar að því landi, sem myndast hefur fyrir framan greinda 1300 ferfaðma, sé ótvíráður, þar eð landið allt er myndað eftir að höfninni var með lögum veittur réttur til hafnarsvæðisins og þar með sjávarbotnsins. Land þetta, segir hann, að sé 2000 fermetrar.

Umboðsmaður stefnanda hefur aftur eftir stefnanda, að uppfyllingin nái eigi meira en 500 metra fram úr fjörumálinu, og eftir mælingum, sem hann visar til, en eigi hafa verið lagðar fram, virðist hann halda fram, að uppfyllingin nái eigi meira en 200 metra fram úr fjörumálinu. Mæling þessi, segir hann, hafi verið framkvæmd af skipstjórum, en svo virðist sem ekki sé lokið við hana, því þeir menn ætla að mæla það aftur.

Eins og tekið hefur verið fram hér að ofan, krefst stefnandinn að réttur sinn verði viðurkenndur til þess landauka, sem sé ofan sjávar við stórstraumsfjöru og myndaður á síðustu árum.

Eðlilegast væri að skilja það svo, að landaukinn væri reiknaður frá því landi, sem var uppi um stórstraumsfjöru 1939 og svo til stórstraumsfjöru nú. Land þetta telur stefndur, eins og tekið er fram áður, og visar þar um til matsmanna, sem mátu landið,

er höfnin tók úr Brimnesslandi, 2000 fermetra. Segir stefndur, að land þetta allt sé myndað eftir að höfninni með lögum var veittur réttur til hafnarsvæðisins og sé því tvímælaust eign Dalvíkurhafnar.

Í munnlega málflutningnum virðist umboðsmaður stefndanda hafa það eftir stefnanda, að land þetta væri ekki nema 500 ferfaðma eða jafnvel 200 ferfaðma, en þessu er mótmælt, enda á engan hátt rökstutt, og getur því eigi orðið tekið til greina. Þá þykir rétt að taka fram, að umboðsmaður stefnanda tók fram, að enga þýðingu mundi það hafa haft að yfirheyra aðilja.

Yfir höfuð er krafa stefnandans ekki eins ljós og skyldi, en þegar tekið er tillit til réttarskj. 3, þá virðist landaukinn, sá sem stefnandinn gerir kröfu til að verði viðurkennd sem eign sin, ná að mestu, auk landaukans, sem minnst var á áðan, yfir land, sem 1939 var á milli flóðs og fjöru. Stefnandinn hefur þó mótmælt flóðborðslínunni, sem dregin er á réttarskjal 9, en segir, að sú rétta flóðborðslína sé 3 metrum neðar á kortinu.

Það er nú á engan hátt sannað, hvar stórstraumslínan var 1939, og ef til vill erfitt að sanna nákvæmlega, hvar hún lá, og að minnsta kosti er eigi heldur sannað, að flóðborðslínan hafi legið þar, sem stefnandinn segir. En hins vegar virðist mega takmarka kröfu hans við línu, sem liggur 3 metrum neðar á kortinu en sú, sem dregin er á það 1939, en þessi lína takmarkar þó aðeins kröfu hans, en sýnir eigi hina raunverulegu straumborðslínu. Aftur á móti segir stefnandinn berum orðum, að landaukinn, sem hann vill fá viðurkenndan sem sína eign, takmarkist að neðan af stórstraumsfjöru. Á réttarskjali 9 er stórstraumsfjara sýnd með rauðu striki eins og hún var 8. desember 1943. Stefnandinn hefur að vísu mótmælt þessari línu. Segir, að fjaran hafi verið talin kl. 1, en hafi verið 7.25 um morguninn. En þetta er misskilningur hjá stefnanda. Að vísu var athugunin á fjörunni gerð milli 1 og 2 um daginn, en farið var eftir þeim fjörumerkjum, sem sáust um háfjöruna, en um þetta hefur verið bókað í þingbókinni í réttarhaldi 15. jan. síðastl. Það virðist því mega leggja þessa línu til grundvallar sem takmarkalínu landaukans að neðan.

Málið snýst nú aðallega um það hjá stefnanda að fá eignarréttinn viðurkenndan yfir svæði því, sem tilgreint er hér að framan. Stefnandinn telur, að eignarréttur landeiganda yfir höfuð nái ekki aðeins til fjörunnar, svæðisins milli stórstraumsflóðs og stórstraumsfjöru, heldur einnig 60 faðma í sjó fram yfir svokölluð netlög, og verður að fallast á það, þar sem réttur sá, sem netlögin veita landeiganda, er svo viðtækur.

Stefnandinn segir nú, að Alþingi hafi með lögum um hafnargerð í Dalvík nr. 66 frá 8. september 1931, þar sem ákveðið er „að hafnarsjóður“ eigi land allt innan hafnarinnar, sem sjór flýtur

yfir „um stórstraumsflóð“ brotið gegn ákvæðum 63. gr. stjórnarskrárinnar, og hafi hann því hlotið að fara í mál til þess að fá greind lög ógild í þessu falli. Stefnda hefur aftur talið, að hafnarlögin væru í samræmi við stjórnarskrána, enda fái landeigandi endurgjald í auknu landverði sbr. og 11. gr. hafnarlaganna.

Eins og tekið hefur verið fram, byggir stefnandinn kröfu sína á því, að 10. gr. hafnarlaganna sé eigi í samræmi við 63. gr. stjórnarskrárinnar. Á þetta getur rétturinn eigi falli. Rétturinn lítur svo á, að Alþingi hljóti að hafa heimild til að ráðstafa landi, sem nauðsynlegt er til að þjóðþrifafyrirtæki eins og höfnin verði byggð. Og rétturinn lítur svo á, að hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps geti örugglega gengið út frá því, að hún eigi land það allt, sem ákveðið er í 10. gr. hafnarlaganna og þá einnig það land, sem hér ræðir um, enda verði að lita svo á, að Alþingi hafi á engan hátt brotið gegn stjórnarskrá landsins með löggjöf þessari. Hitt er aftur annað mál, en um það verður eigi ákveðið undir þessu máli, hvort eigandi jarðarinnar eigi kröfu til skaðabóta eftir skaðabótareglum eða á annan hátt úr rikissjóði.

Samkvæmt því, sem tekið er fram hér að ofan, ber að sýkna hina stefndu hreppsnefnd af kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, Tryggvi Jónsson oddviti, Jóhann Jónsson, Kristinn Jónsson, Stefán Guðnason, allir til heimilis í Dalvík, Páll Friðfinnsson, Hrappsstöðum, og Stefán Björnsson, Grund, Jón Gíslason, Hofi, fyrir hönd hreppsins, eiga sýknir að vera af kröfum stefnandans, Stefáns Jónssonar, Brimnesi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 11. desember 1944.

Nr. 78/1944. H/f Júpíter (Einar B. Guðmundsson)  
gegn

Sjómannafélagi Reykjavíkur  
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Uppsögn skiprúmssamnings háseta.

**Dómur hæstaréttar.**

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. júní þ. á. Krefst hann þess, að honum verði að-